

Hfj. 17.10.2022

Fundargerð starfshóps um hjólastefnu Hafnarfjarðar

Fundur 1.

Skipaður starfshópur til að vinna að hjólastefnu Hafnarfjarðar

Mættir:

Ómar Freyr Rafnsson ÓFR Framsókn

Díana Björk Olsen DBO Sjálfstæðisflokkur

Hilmar Ingimundarson HI Sjálfstæðisflokkur

Sigurjóna Hauksdóttir SH Samfylking

Lilja G. Karlsdóttir LGK Viðreisn

Helga Stefánsdóttir HS Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar

Berglind Guðmundsdóttir BG Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar

Steinn Jóhannsson Samfylkingu – dettur út vegna anna, Samfylkingin finnur annan.

Hlutverk starfshópsins skv. erindisbréfi:

Starfshópurinn skal gera hjólastefnu fyrir Hafnarfjörð og skal stefnan m.a. innifela eftirfarandi:

Stefnumótun og sýn fyrir Hafnarfjörð sem hjólreiðabæ

Áætlun um skipulag og uppbyggingu stofnstíganets hjólreiða og uppbyggingu hjólaleiða

almennt, sú vinna fer síðan áfram til endurskoðunar aðalskipulags

Áætlun um hjólastæði í bænum

Áætlun um hjólaþjónustu í bænum

Aðgerðar- og fjárfestingaráætlun

Kynningaráætlun til að auka hlutdeild hjólreiða

Starfshópurinn starfar í umboði skipulags- og byggingarráðs. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn fundi allt að 10 sinnum og skal vinna starfshópsins vera lokið 1. maí 2023. Ákveðið var að halda fundi til að byrja með á miðvikudögum kl 15-16:30. DBO boðar fundina. Stefna verði klár hjá vinnuhóp í febrúar og fer þá í yfirlestur og hönnun. Kynnt í apríl /maí fyrir "Hjóra í vinnuna"

Tengsl við núverandi áætlanir:

BG og HS fóru yfir núverandi stígakerfi og tengsl við Aðalskipulag Hafnarfjarðar og samþykktar deiliskipulagsáætlanir. Einnig var farið yfir lóðamörk og það að almennt er reynt að halda stígaframkvæmdum utan lóðarmarka. BG og HS bentu jafnframt á fjölda upplýsinga sem er að finna á kortavef bæjarins.

Hópurinn óskaði eftir að fá einnig kort á næsta fund með fyrirhuguðum stígum samkvæmt Aðalskipulagi til að geta gert sér grein fyrir hvað er komið inn í núverandi áætlanir. BG ætlar að útvega slíkt kort. BG nefndi einnig kort sem til væri af núverandi hindrunum á stígakerfinu.

Umræða:

Þar sem um fyrsta fund hópsins var að ræða fór stór hluti fundarins í hugarflug um innihald hjólreiðaáætlunin, eftirfarandi eru atriði sem rætt var um;

- Mikilvægt að setja skýra stefnu og framtíðarsýn, LGK tekur saman núverandi stefnur fyrir næsta fund (Svæðisskipulag, Aðalskipulag osfrv)
- Mismunandi tegundir hjólreiða, samgönguhjólreiðar, frístunda hjólreiðar og keppnishjólreiðar
- Stígatengingar yfir í nágrennasveitarfélög
- Öruggari hjólaleiðir inn og út úr Hafnarfirði
- Fjárhagsrammi og forgangs röðun, mikilvægt að hjólreiðaáætlun verði ekki úrelt á næstu 2-3 árum.
- Lagaleg hlið hjólreiða og gallar við blandaða stíga þar sem hjólreiðar eiga engan rétt.
- Örfælðifartæki, leiguhjól, deilibílar og breytingar í kjölfar þeirra
- Upplandið og gæði hjólreiða þar vs stígakerfið innan bæjarins sem er aftur á móti bútasaumskerfi
- Hjólastæði og tengsl hjólastíga við aðra ferðamáta.
- Leikbraut, "pump track"
- Vantar tengingu frá Hvaleyrarvatni og að Völlunum.
- Merkingar á stígum
- Snjómokstur, áburður og rekstur
- Hjólaferðamennska og möguleikar hennar
- Upphitaðir stígar
- Hjólamenning og virðing fyrir hjólreiðafólki
- Hjólreiðastyrkir og herferðir
- Kynningar í grunnskólum og framhaldsskólum
- Flokkun á stígum
- Hjólreiðamerkingar á götum þar sem ekki verður komið við að setja stíga
- Athuga með að fá stíga inn í Google maps, HI skoðar nánar
- Hjólateljarar, í dag eru tveir í bænum, við Fjörð og á Reykjavíkurvegi við Engidal.
- Hugmynd um Velodrome rædd

Hópurinn ræddi um vilja til að reyna að gera Hafnarfjörða að hjólabæ.